

Bændasamtök Íslands
Borgartúni 25
105 Reykjavík

Selfossi, 7 júlí 2023
Tilvísun: 2307145

Efni: Aðgerðir gegn riðuveiki - ósk um tillögur sauðfjárbænda

Vísað er til umræðu á fundi í matvælaráðuneytinu þann 4. júlí s.l., þar sem sátu fulltrúar sauðfjárbænda og umræðuefnið var m.a. ræktun gegn riðuveiki. Undirrituð óskar hér með eftir tillögum frá Deild sauðfjárbænda hjá Bændasamtökum Íslands og Fagráði í sauðfjárrækt. Óskað er eftir að tillögurnar verði sameiginlegar og að þær verði í þremur þáttum:

1. Tillögur sauðfjárbænda að útfærslu á uppbyggingu hjarðar eftir riðuniðurskurð, við gerð tillagna verði m.a. tekið tillit til:
 - a. Lagt verði mat á fýsileika þess að hægt verði að taka inn fé með verndandi arfgerðir frá hausti 2024.
 - b. Lagt verði mat á lágmarksfjölda líflamba með verndandi arfgerð sem þurfi að kaupa til þess að hægt sé að nota sæðingar til uppbyggingar á stofni með 700 fjár.
 - c. Lagt verði mat á mögulegan tímaramma uppbyggingar þar sem miðað verði við að hámarki 5 ár.
2. Tillögur sauðfjárbænda að útfærslu á aðgerðum þegar riðuveiki greinist í hjörð.
3. Tillögur sauðfjárbænda að því hvernig skuli staðið að ræktun sauðfjár hér á landi sem ber viðurkenndar verndandi arfgerðir og hugsanlega verndandi arfgerðir gegn riðusmítefninu.

Tillögurnar yrðu rýndar með tilliti til smit- og sjúkdómavarna af yfirdýralækni og hans baklandi, þ.e. sérfræðingum innan sem utan Matvælastofnunar. Undirrituð áréttar að notkun sæðinga hefur mikla yfirburði, með tilliti til smitvarna, frekar en flutningur líffjár á milli hjarða/varnarhólfa. Framtíðarsýn undirritaðrar er að matvælaráðuneytið gefi út „Landsáætlun um riðuveikilaust Ísland“ og að það yrði gert í samráði við sauðfjárbændur og Matvælastofnun, en yfirdýralæknir hefur ráðherraskipaðan sérfræðingahóp um riðuveiki sér við hlið. Nauðsynlegt er að ná fram sameiginlegri landsáætlun eigi árangur að nást. Að mati yfirdýralæknis ætti markmiðið að vera að losna við riðuveiki í sauðfé á sem hagkvæmastan hátt og á sem skemmstum tíma með því að hefja útbreiðslu riðusmítefnis og rækta sauðfé sem er ónæmt fyrir riðusmítefninu. Landsáætlun yrði þá grunnur að breytingum sem gera þarf á regluverki um riðuveiki. Vart þarf að taka fram að því fyrir sem tillögur sauðfjárbænda liggja fyrir því fyrir er hægt að taka þær til umfjöllunar, því er æskilegt að fá fram tillögu um hvern þátt sem fyrst, en mest liggur á tillögum um hvernig bændur vilja standa að uppbyggingu hjarða eftir niðurskurð (tl.1) og hvernig eigi að bregðast við uppkomu riðuveiki í hjörð (tl.2). Fram kom á fyrrnefndum fundi að mótuð ræktunaráætlun liggur fyrir hjá RML varðandi tl. 3 og undirritaðri er kunnugt um að Jón Víðar Jónmundsson, fyrrverandi sauðfjárráðunaut hefur einnig mótaðar ræktunartillögur. Rétt er að sauðfjárbændur leggi fram tillögur í sínu nafni, aðeins þannig er hægt að vinna að gerð sameiginlegrar

Virðingarfyllst,
f.h. Matvælastofnunar

Sigurborg Daðadóttir

Yfirdýralæknir



Afrit: Matvælaráðuneytið
RML
Ráðherraskipaður sérfræðingahópur um riðuveiki